

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 22. september 2021  
Mnr. 2021040038



ÍSAFJARÐARBÆR

## Beiðni um áframhaldandi samning um umsjá Torfnessvæðis

Þann 17. september 2021 barst beiðni frá knattspyrnudeild Vestra, í gegnum HSV, um að fá áframhaldandi samning um umsjá knattspyrnuvalla og vallarhúss á Torfnesi. Þá er óskað eftir að þau fái tvö stöðugildi í 6 mánuði til að sinna knattspyrnusvæðinu á Torfnesi og vallarhúsinu. Jafnframt er óskað eftir að laun starfsmannanna verði endurskoðuð og hækkuð í samræmi við vinnu.

Þann 12. maí 2021 var undirritaður samningur milli Ísafjarðarbæjar og knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokkur, um umsjá knattspyrnuvalla og vallarhúss á Torfnesi. Kvað hann meðal annars á um að Ísafjarðarbær myndi leggja til 1 stöðugildi á samningstíma, 15. apríl – 15. október 2021, sem miðaðist við launaflokk 121 samkvæmt kjarasamningum Samflots við sveitarfélögin árið 2020. Alls kr.2.824.986. Til samanburðar má nefnda að Ísafjarðarbær leggur til 1 stöðugildi í 5 mánuði á golfvelli, einnig í launaflokki 121, í gegnum verkefnasamning við Golfklúbb Ísafjarðar.

Áður en gerður var samningur við knattspyrnudeild Vestra um umsjá vallarins og vallhúss á Torfnesi sá forstöðumaður íþróttamannvirkja á Ísafirði um verkið. Hafði hann þá heimild til að ráða tvo sumarstarfsmenn í þrjá mánuði og nýtti einnig starfsfólk í íþróttahúsinu á Torfnesi.

Í beiðni knattspyrnudeildar Vestra kemur fram að stjórn félagsins sé ánægð með fyrirkomulagið eins og það var í sumar. Að þeirra mati er erfitt að sinna störfunum á vallarsvæðinu á dagvinnutíma því starfsmenn þurfi að vera til taks um helgar þegar leikir eru. Þörfin sé, að mati stjórnar, að hafa starfsfólk í sveigjanlegum vinnutíma og að launin þurfi að endurspeglja þann vinnutíma. Því óskar stjórn knattspyrnudeildar Vestra eftir hærri launum fyrir starfsmennina.

HG